

Hverfisnefnd Naustahverfis

68. fundur, 22. september. 2015

Fundur haldinn á Naustatjörn, kl. 20:00 – 21:30

Mættir: Gunnar Valur Eyþórsson, Anna Steinunn Þengilsdóttir, Anna Sjöfn Jónasdóttir, Gísli Rúnar Magnússon, Kristín Sigurðardóttir.

Fundargerð ritaði Anna Steinunn Þengilsdóttir.

1. Ljómatúnsvöllur

Hverfisnefnd óskar eftir upplýsingum um það hvaða framkvæmdir hafa verið gerðar í Naustahverfi í sumar

2. Íþróttahús Naustaskóla

Hverfisnefnd vísar í 4 lið fundargerðar 66. fundar þann 03.03.2015. Fundargerðin var lögð fram á fundi Bæjarráðs þann 12. mars 2015 og bókuð, og 4. lið vísað til íþróttaráðs. Hefur nefndinni ekki borist svar frá ráðinu.

3. Störf vinnuskólabarna

Hverfisnefnd óskar eftir upplýsingum um hversu mörgum stundum vinnuskólabörn skiluðu í Naustahverfi sumarið 2015 og hvaða verkefnum þau unnu að.

4. Skólalóð Naustaskóla

Hverfisnefnd skorar á bæjaryfirvöld að ljúka þeim framkvæmdum sem fyrirhugaðar voru á skólalóð Naustaskóla á árinu 2015 sem fyrst. Skólinn þarf mjög á þessu rými utandyra að halda vegna fjölda nemenda. Foreldrafélags skólans hefur lýst áhyggjum sínum yfir seinkun/frestun á framkvæmdum þessum og tekur nefndin undir þær áhyggjur.

5. Aðalfundur Hverfisnefndar

Aðalfundurinn Hverfisnefndar Naustahverfis verður 15. október í Naustaskóla. Léttar veitingar verða í boði. Auk venjulegra aðalfundarstarfa verður góður gestur á fundinum með erindi og að þessu sinni er það Soffía Vagnsdóttir fræðslustjóri skóladeildar.

Ekki fleira rætt, fundi slitið kl 21:30